
SVAVA BJÖRNSDÓTTIR

SVAVA BJÖRNSDÓTTIR

KJARVALSSTAÐIR
LISTASAFN REYKJAVÍKUR

APRÍL - MAÍ 1993



Svava Björnsdóttir á þegar merkan listferill að baki — bæði hér á landi og ekki síður erlendis þar sem hún hefur fengið viðurkenningar fyrir list sína.
Hún hefur valið sér nýstárlegan efnivið til listrænnar tjáningar og fæst við hann af fimi og djúpstæðri sköpunargleði.
Svava var valin borgarlistamaður árið 1990 og í tilefni þess gefur hún borgarbúum kost á að kynnast þeim verkum sem hún hefur unnið að á síðustu árum.

Menningarmálanefnd fagnar verkum hennar hér á Kjarvalsstöðum.

Svava Björnsdóttir has already had a remarkable career in art — both here in Iceland and also abroad, where she has won awards for her work.
She has chosen unusual materials for her artistic expression, and she handles them with skill and deep joy in the creative process.
Svava was chosen to hold Reykjavík's Artist's Bursary in 1990. In this contest, she gives the people of Reykjavík the opportunity to see the works she has produced in the past few years.

The Cultural Committee welcomes her works to Kjarvalsstaðir.

Hulda Valtýsdóttir

ÞÖGLAR MYNDIR

Hugmyndir manna um höggmyndalistina hafa mikið breyst á síðastliðnum áratugum. Stöpullinn er horfinn, verkin liggja á gólfi salarins eða eru fest beint á veggi. Vart er talað um höggmyndir lengur, nema þá helst í sögulegu tilliti, og meira er notast við orð líkt og skúlptúr eða object/hlutur, þar sem merking þeirra virðist opnari.

Svava Björnsdóttir (f.1952) er einn af þeim listamönnum sem lagt hafa sitt að mörkum við að bæta við og umbreyta þeim hugmyndum sem við þekkjum í höggmyndalistinni. Svava er fædd og uppalin í Reykjavík, þar sem hún lauk stúdentsprófi vorið 1972. Hugur hennar hafði lengi stefnt til listrænnar iðju, í og með vegna þess að hún hafði umgengist listina beint eða óbeint frá unga aldri, en afi hennar var Pétur Guðmundsson, kenndur við Málarann, en hann hafði höndlað með listmálaravörur og kynnst persónulega mörgum fremstu listamönnum okkar og eignast gott safn verka þeirra.

Svava innritaðist aldrei í Handíða- og myndlistaskóla Íslands líkt og flestir kollegar hennar á sama aldri höfðu gert. Í stað þess fór hún rakleiðis til Parísar og settist að í Beaux-Arts haustið 1972. En ekki líkaði henni vistin þar og segir hún að á þeim tíma hafi ríkt eins konar upplausnar ástand, kennslan ómarkviss líkt og menn væru ekki búnir að ná áttum eftir öll læti frá því í lok 7. áratugarins. Hún þraukaði þó tvo vetur í listaskólanum í París. Á síðara árinu komst hún í kynni við Gerði Helgadóttur myndhöggvara og vann reyndar sem aðstoðarkona hennar um nokkurt skeið. Þetta var vafalítið dýrmætasti tíminn hennar í París, því þar fékk hún góða innsýn í tæknilega hlið höggmyndalistarinnar sem og eðli hennar. En þrátt fyrir þessi kynni snéri Svava heim aftur full efasemda um listræna eiginleika sína og alla framtíðarsýn í faginu. Hún skráði sig í frönsku og íslensku í Háskóla Íslands og lauk þaðan B.A. prófi þremur árum síðar. En listamannsdraumurinn var ekki að fullu hrakinn og hún ákvað því að reyna fyrir sér aftur og nú í Þýskalandi. Hún fluttist til München haustið 1977. Þar fór eitt ár í að læra tungumálið og setja sig inn í breyttar kringumstæður. En um haustið 1978 var hún tekin inn í Listaakademíuna í München þar sem hún stundaði nám næstu sex árin. Svava lætur vel af náminu í München, enda aðalkennarar hennar þennan tíma tveir af merkustu myndhöggvurum aldarinnar. Fyrstu þrjú árin vann hún undir leiðsögn danska myndhöggvarans Roberts Jacobsen (1912-1993) og kynntist nýstárlegum listhugmyndum hans en hann lagði sig ennfremur fram við að brýna fyrir nemendum sínum gildi klassískar listheiðar. Því næst vann hún undir stjórn skoska myndhöggvarans (af ítölskum uppruna) Eduardo Paolozzi (f. 1924) næstu árin. Svava talar af mikilli virðingu um kennslu Paolozzi, sem hún segir hafa verið einkar hvetjandi og hann hafi í raun kunnað að drífa nemendur áfram en þó ávallt á eigin forsendum. En það sem kannski skiptir mestu frá tíma Paolozzi er að þar uppgötvar Svava pappírinn sem mögulegt efni í skúlptúrgerð, en Paolozzi hafði beitt sér fyrir því að setja á fót sérstaka pappírsdeild við skólann. Pappírinn átti eftir að skipta sköpum fyrir formgerð og í raun alla

myndhugsun listakonunnar. Þar bjuggu óendanlegir möguleikar sem í raun hafa ekki allir sloðað sér enn að fullu í myndverkum hennar.

List Svövu Björnsdóttur er vissulega nýstárleg. En þrátt fyrir það stendur hún á afar traustum grunni í vestrænni skúlptúrhefð. Tæknilega séð vinnur hún verk sín á sambærilegan hátt og eldri myndhöggvarar (t.a.m. Einar Jónsson 1874-1954). Í fyrstu mótaði hún þau í leir og tók síðan mót líkt og hefðin gerir ráð fyrir. En í staðinn fyrir að steypa verk sín í brons þá steypir hún þau í pappír eða öllu heldur pappírsmassa sem hún getur litað að vild. En árið 1986 breytti listakonan nokkuð um verkhætti og í stað leirsins fór hún að nota frauðplast, sem einfaldaði nokkuð vinnsluferlið (hraðinn jókst) auk þess sem þessi vinnuaðferð hafði umtalsverð áhrif á sjálfa formgerðina.

Pappírsmassinn er fremur óvenjulegt efni í skúlptúrgerð og þá sérstaklega á þann hátt sem Svava vinnur hann. En pappírinn býður vissulega upp á ótal möguleika og þá sérstaklega í sambandi við litunina. Efnið er sjaldnast sjáanlegt hrátt í verkum listakonunnar, heldur virkar það oftast líkt og kameljón, allt eftir lit og áferð. Stundum lítur það út fyrir að vera gróft og þungt, stundum létt og mjúkt viðkomu. Liturinn elur á sjónblekkingunni, gefur forminu/efninu nýja og nýja merkingu. Og þessa eiginleika notfærir listakonan sér óspart í formrænni útfærslu og samspili ólíkra forma.

Formheimurinn í verkum Svövu byggist á móderniskri myndhugsun. Hún finnur upp formin, framkallar sýnir (hún sjálf er inntaksleg forsenda verka sinna) sem hún setur fram ýmist í einum hlut eða fleiri samstilltum á fleti. Í fyrstu voru formin lífræn, teygð, ýkt, óregluleg og í hverju formi mátti finna þreifingar og handtök listakonunnar, tilfinningar og samsömun hennar við efnið (leirinn). Eða verkin voru eins konar samsetningar forma úr dýra- eða plönturíkinu. Þessir lífrænu eiginleikar voru ennfremur áréttaðir með framsetningu verksins, sem virtist oft „vaxa" út úr umhverfinu hverju sinni, vera eðlilegur hluti af því. Ekkert form var eins (nema þegar hún lék sér með endurtekningu forma í sama verki), hvert þeirra virtist búa yfir einstæðri innri merkingu þó svo að þau væru gjarnan unnin út frá hlutveruleikanum. Listakonan leyfði sér að taka hversdagslega hluti, framleidda (pípur, rör, og ýmiss konar tól og tæki) eða náttúrulega (skeljar og kuðunga), umbreyta þeim og gera þá vart þekkjanlega. Það var sem hún þyrfti útgangspunkt.

Upp úr 1986 urðu gagngerar breytingar á formgerðinni í verkum Svövu. Formin verða meir og meir óhlutlæg og um leið geometrískari í eðli sínu jafnframt því að verkin missa sérheiti sín og eru nú aðeins skráð sem nafnlaus. Hluti af skýringunni er sá að listakonan hættir að hnoða leirinn, blása hann lífi, en þess í stað fer hún að nota frauðplast við frumgerðina, sem hún sker út. Formin eru ekki lengur margræður sálarspegill heldur skipulagðar formfléttur sem lagðar eru upp eftir fyrirfram gerðum áætlunum. Á þessari stundu slitu verkin tengslin við hlutveruleikann og tóku að lifa sínu sjálfstæða lífi sem einnig endurspeglaðist í framsetningu þeirra. Listhluturinn verður meira ákveðinn og afmarkaður, líkt og hvert verk hafi eignast upphaf sitt og endi.

En þótt listsköpun Svövu standi á móderniskum grunni, hvað varðar sjálfa formgerðina, þá hefur hún ennfremur kunnað að nýta sér sterka þætti úr póstmódernismanum, líkt sjá má í afgerandi frumformum og notkun hennar á rýminu. Hér eru engir rammar eða stöplar heldur er áhorfandanum boðið að stíga inn í rými listaverksins, vitandi að rýmið umhverfis listhlutinn er jafn þýðingarmikið og hver hlutur fyrir sig.

List Svövu, líkt og hún birtist okkur um þessar mundir, fjallar annars vegar um efni, form og rými: möguleika pappírsmassans, formræna uppfinningu og samstillingu hluta í rýminu. Og hins vegar um dulda merkingu formsins. Eða líkt og listakonan orðar það sjálf: „Formið er það sem þú sérð, inntakið er það sem þú upplifir."

Og formin í verkum Svövu hafa vissulega til að bera ákveðin skyntengsl. Listakonan leikur sér með skynjun áhorfandans. Þannig virka hin lífrænu form opinn og áræðinn leikur, beinskeytt og oft djörf tjáning. En síðari verkin, þau geometrísku, virka aftur á móti lokuð, alvörugefin, nánast líkt og ábyrgar viðræður við listasöguna eða þá að hún spennir upp litinn, snýr út úr hefðinni og nálgast óendanlega það sem nefnt hefur verið „kitsch".

Verkin eru í raun hvorki skúlptúr né málverk eða hvort tveggja í senn. Hlutareðlið mælir með því að þau séu skúlptúr en liturinn tengir þau málverkinu. En það sem gerir listakonunni öðru fremur kleift að þræða þetta einstigi er efnið, pappírsmassinn, sem gefur listhlutnum einkar sérstæða merkingu. Efnið tengist óneitanlega leiknum, föndri, virkar mannlegra en t.d. brons og marmari sem fleytir listhlutnum yfir í æðra veldi og tímaleysi. Pappírsmassinn er forgengilegt efni og tími þess er nátengdur tíma mannsins. Og jafnvel þegar hún hylur hlutinn gulli þá er það í raun aðeins yfirborðsleg blekking sem er ýtt út að endamörkum. Og einliturinn, þögnin, sem þekur formin, undirstrikar enn frekar tímatakmörkun efnisins/verksins. Þannig hafa verk Svövu, sem við fyrstu sýn virðast lífleg, gáskafull og geislandi, ávallt til að bera dramatískan undirtón.

Svava Björnsdóttir hefur undanfarinn áratug fikrað sig áfram í gegnum söguna og eigið hugarflug, hægt og skipulega með markvissum vinnubrögðum, í leit að frumleikanum. (Við finnum tengsl hennar við Lucio Fontana (1899-1968), Yves Klein (1928-1962), og Anish Kapoor (f. 1954).) Og nú, hér að Kjarvalsstöðum, opinberar hún ný verk sem jafnframt má skoða sem eina stóra installation; verk, sem vissulega vekja upp margþættar spurningar jafnframt því sem þau eru merkur áfangi á leið listakonunnar.

Gunnar B. Kvaran



SILENT IMAGES

Concepts of sculpture have changed greatly over the past decade. The pedestal has disappeared and works are now left to stand on the floor of the exhibition hall or hung directly on the walls. The old sense of carving is scarcely invoked and has been replaced by the more open connotations of the term "object."

Svava Björnsdóttir (b. 1952) is one of the artists who have contributed to expanding and transforming our acknowledged concepts of sculpture. Born and bred in Reykjavik, she felt an early inclination towards artistic work, partly because of her direct and indirect contact with art through her grandfather, who ran a shop that stocked artists' materials, knew many leading Icelandic artists personally and acquired a fine collection of their works.


Unlike most of her artistic contemporaries, Svava Björnsdóttir did not enrol at the College of Art and Handicrafts in Reykjavik. On completing her secondary education in 1972, she went straight to Paris and was admitted to the Beaux-Arts. She was dissatisfied, however, by what she calls the state of chaos that prevailed there, and the unsystematic approaches of the teachers who did not seem to have recovered at that time from all the turmoil of the late 1960s. Nonetheless, she stayed in Paris for two years, and in her second year there met the Icelandic sculptress Gerdur Helgadóttir, whose assistant she became for a while. This was undoubtedly the most valuable part of her stay in Paris, giving her a thorough insight into the technical side of sculpture as well as its essence. Yet even after making this acquaintance, Björnsdóttir returned to Iceland, beset by doubts about her own artistic talents and her future in the field, to spend three years at the University where she graduated in Icelandic and French. Her artistic dreams had not been completely dispelled, however, and she decided to try again, this time in Germany. After moving to Munich in the autumn of 1977 and spending a year learning the language and settling in, she was admitted to the Academy of Arts in 1978 and studied there for the next six years. The course there was much more to her liking, and her main teachers were two of the foremost sculptors of the 20th century. For the first three years she worked under the Danish sculptor Robert Jacobsen (1912-1993) and absorbed his innovative ideas as well the appreciation of classical traditions which he tried to instil in his pupils. Afterwards she studied under the Scottish sculptor of Italian descent, Eduardo Paolozzi (b. 1924). Björnsdóttir speaks with great respect about Paolozzi, whom she describes as a particularly stimulating teacher with a gift for driving his pupils on in their work, although always on their own terms. Perhaps the most crucial aspect of this period, however, was her discovery of paper as a possible sculptural material; on Paolozzi's initiative, a separate department of paper art had been established at the academy. Paper would later become crucial for the form of her work and in fact for her very notion of art. The vast range of possibilities it

offers have not all been fully put across in her work yet.

Svava Björnsdóttir's art is definitely innovative, but at the same time firmly rooted in the Western sculptural tradition. From a technical point of view she executes her works in a similar fashion to older sculptors such as Einar Jónsson (1874-1954), moulding them in clay first and then making a cast, along conventional lines. But instead of casting them in bronze, she uses paper or, more correctly, papier mâché which she can colour as she pleases. In 1986 she changed her technique, replacing the clay with polystyrene foam which simplifies the production process by being quicker, as well as having a considerable impact on the form itself. Papier mâché is a somewhat unusual choice of material for sculpture, and even more so in the way Björnsdóttir handles it, but it offers countless possibilities, particularly as regards coloration. In her works, the material is seldom visibly raw, having instead a chameleon-like effect depending upon its colour and texture. Sometimes it gives a rough and dense impression, and sometimes is light and soft to the touch. The colour enhances the visual illusion, endowing the form/material with ever-new meanings. And the sculptress makes unsparing use of these qualities in the development of her forms and the interplay among them.

The formal world of Svava Björnsdóttir's works is based on modernistic concepts. She discovers the forms, produces images (positing herself as the premise for their content) which she presents either in a single object or in several arranged together on a surface. At first her forms were organic, stretched, exaggerated and irregular, each of them evoking the shaping hands of the sculptress herself, her emotions and identification with the material, clay. Or they were a kind of composition of forms from the animal and plant kingdoms, their organic qualities further underlined by the presentation of the works, which often gave an impression of "growing" out of their respective environments and forming a natural part of them. No two forms were alike, except when she toyed with repeating them in the same work; each seemed to possess a unique inner meaning, even though they tended to be developed from the object world. She took the liberty of using everyday objects, either manufactured (pipes and various pieces of equipment) or natural (shells), and transforming them almost beyond recognition. It was as if she needed a starting-point to work from.

After 1986, decisive changes took place in her forms, which have become increasingly abstract and at the same time more geometric in nature (besides losing their distinguishing titles, all now simply called "untitled"). Part of the reason is that the sculptress has stopped kneading her clay and thereby inspiring it with life, opting instead for foam models which she cuts out. Her forms are no longer a cryptic mirror of the soul, but rather organized formal conceits prepared according to predetermined plans. At this juncture, the works broke their links with the object world and



began living independent lives which are reflected in their presentation. The art object has become more decisive and delimited, as if each work has its beginning and its end.

For all the modernistic roots of her works with respect to form, she has also exploited strong elements of postmodernism, as can be seen in her decisive basic forms and use of space. There are no frames or pedestals; instead, the observer is invited to enter into the space of the work, knowing that the space around the art objects is just as important as each one itself.

At its present stage of development, Svava Björnsdóttir's art is a treatment, on the one hand, of material, form and space: the possibilities of papier mâché, formal discovery and the arrangement of objects in space. On the other hand, it deals with the hidden meaning of the form. Or in the sculptress' own words: "Form is what you see, content is what you experience."

The forms of Svava Björnsdóttir's works certainly possess a definite perceptive relationship. She toys with the observer's perception, making organic forms act as an open and purposeful type of play, pointed and often daring in their expression. The later geometric works, on the other hand, have a closed and serious effect, almost like responsible dialogues with the history of art, or else the colours are intensified to divert from tradition, on an endless trajectory towards Kitsch.

These works are really neither sculpture nor painting, or perhaps they are both at once. Their object nature invites a sculptural definition, while their colours relate them to the painting. What enables Svava Björnsdóttir, above all else, to steer this course is her material, papier mâché, which gives her art objects an especially distinctive signification. With its undeniable affinities to a game of handicraft, the material has a more human effect than, for example, bronze or marble, which transport the art objects to a higher, timeless order. Papier mâché is a transitory material, its lifetime closely related to human time (and even when the sculptress covers her objects with gold, this is really only a superficial illusion forced out to its extremities). The single colour (silence) covering her forms further underlines the temporal limitations of the material/work. In this way, Björnsdóttir's works, which give an initial impression of being lively, capricious and radiant, always carry a dramatic undertone.

Svava Björnsdóttir has been inching her way forward over the past decade, slowly, methodically and systematically, through history (we notice a relationship to Lucio Fontana (1899-1966), Yves Klein (1928-1962) and Anish Kapoor (b. 1954)) and through her own imagination, in quest of originality. And at her latest exhibition at Kjarvalsstadir she is unveiling new works that may also be seen as a single large installation, works that certainly prompt complex questions and at the same time represent a significant stage in her artistic development.

Gunnar B. Kvaran

116 x 116 x 52

1992



100 x 100 x 40


1992




100 x 100 x 40

1992








< 300 x 400 x 20

1992

102 x 102 x 30

1992




100 x 100 x 50

1992



100 x 100 x 26

1992




200 x 50 x 30

1991



90 x 100 x 30

1991



VERKASKRÁ

1. Sníkjudýr, 1983
Pappírsmassi og litaduft

2. Níu tilbrigði, 1986
Pappírsmassi og litaduft

3. Nafnlaust, 1986
Pappírsmassi og litaduft

4. Nafnlaust, 1992
Pappírsmassi og litaduft
116 x 116 x 52

5. Nafnlaust, 1992
Pappírsmassi og litaduft
100 x 100 x 40

6. Nafnlaust, 1993
Pappírsmassi og blaðgull
100 x 100 x 40

7. Nafnlaust, 1992
Pappírsmassi og litaduft
300x400x20

8. Nafnlaust, 1992
Pappírsmassi og litaduft
102 x 102 x 30

9. Nafnlaust, 1992
Pappírsmassi og litaduft
100 x 100 x 50

10. Nafnlaust, 1992
Pappírsmassi og litaduft
100 x 100 x 26

11. Nafnlaust, 1991
Pappírsmassi og litaduft
200 x 50 x 30

12. Nafnlaust, 1991
Pappírsmassi og litaduft
90 x 100 x 30

LIST OF WORKS

1. Parasites, 1983
Papier mâché and pigment.

2. Nine variations, 1986
Papier mâché and pigment.

3. Untitled, 1986
Papier mâché and pigment.

4. Untitled, 1992
Papier mâché and pigment.
116 x 116 x 52

5. Untitled, 1992
Papier mâché and pigment.
100 x 100 x 40

6. Untitled, 1992
Papier mâché and gold leaf.
100 x 100 x 40

7. Untitled, 1992
Papier mâché and pigment.
300 x 400 x 20

8. Untitled, 1992
Papier mâché and pigment.
102 x 102 x 30

9. Untitled, 1992
Papier mâché and pigment.
100 x 100 x 50

10. Untitled, 1992
Papier mâché and pigment.
100 x 100 x 26

11. Untitled, 1992
Papier mâché and pigment.
200 x 50 x 30

12. Untitled, 1986
Papier mâché and pigment.
90 x 100 x 30

SVAVA BJÖRNSDÓTTIR
f. 1952



1972-74	École Nationale Supérieure des Beaux Arts, Paris
1974-76	Háskóli Íslands B.A.
1978-84	Akademie der Bildenden Künste, München. Meisterschülerin, 1983
1985	Jahresstipendium der Landeshauptstadt München
1990	Borgarlistamaður

EINKASÝNINGAR / SOLO EXHIBITIONS:

1993	Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir
1992	"Breaking the Ice", Glasgow Print Studio, Glasgow
1990	"Coloured Paper Objects", Waßermann Galerie, München
1989	"Pappírsskúlptúr", Norræna húsið Reykjavík
1988	"Gap ginnunga", Galleri Bohman, Stockholm
1987	"Paper Art", Galerie Schuwirth & van Noorden, Maastricht
	"Logn", Kunstverein Giannozzo, Berlin
1986	"Papierskulptur", Waßermann Galerie, München
	"Förderprogramm Junger Kunst", Art Cologne, Waßermann Galerie, München

SAMSÝNINGAR / GROUP EXHIBITIONS:

1992	Galleri Adelgatan 5, Malmö
1989	Nýlistasafnið, Reykjavík
	"Wertpapier" Künstlerwerkstatt Lothringerstraße 13, München
	"Aurora", The Nordic Art Center, Sveaborg, Helsinki
1988	"Bayerische Kunst unserer Tage" Cairo
1986	"Bayerische Kunst unserer Tage" Budapest
	"Ansichten/Angolature", Palazzo Forti, Verona
	"Papier und Skulptur", Gesellschaft für Aktuelle Kunst, Bremen
	Internationale Kunst aus Münchner Ateliers Künstlerwerkstatt Lothringerst. 13.
1985	"Preisträger 85" Museum Villa-Stück, München
1984	"Ausstellung Lothringerstraße 13" München
1983	"Papier", Akademie der Bildenden Künste, München
	Royal College of Art, London
	"2x4=o", Waßermann Galerie München
1982	"Kunst und/von Frauen", Akademie der Bildenden Künste, München
	"Robert Jakobsen und seine Schüler", Residenz, München
	"Deutsche Bildhauerei", Nordjyllands Kunstmuseum, Aalborg

Menningarmálanefnd Reykjavíkur:
Hulda Valtýsdóttir, formaður

Guðrún Erla Geirsdóttir
Ingibjörg Rafnar
Jóna Gróa Sigurðardóttir
Júlíus Hafstein

Selma Guðmundsdóttir
Gunnsteinn Gíslason

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur:
Gunnar B. Kvaran

Ljósmyndun:
Kristján Pétur Guðnason

Yfirlestur handrita og prófarkalestur:
Aðalsteinn Davíðsson

Merkingar og textavinnsla:
Anna Friðbertsdóttir

Þýðing:
Bernard Scudder.

Hönnun sýningarskrár:
Birgir Andrésson

Umbrot:
Bragi Halldórsson

Litgreining og filmuvinna:
Prentmyndastofan hf.

Prentun og bókband:
G.Ben Prentstofa hf.



KJARVALSSTADIR

APRÍL - MAÍ 1993